

60. fundur

Atvinnumálanefnd Stykkishólmsbæjar hélt fund þriðjudaginn 8. apríl 2003 kl. 20:00 á Narfeyrarstofu.

Mætt voru Magnús Bæringsson, formaður, Sæþór H. Þorbergsson, Þorsteinn Sigurðsson, Helga Guðmundsdóttir og Sigríður Elisdóttir sem ritaði fundinn.

Fundur var settur kl. 20:00.

1. Umræður um fyrirhugað atvinnumálþing í samvinnu við Atvinnuráðgjöf Vesturlands.
Rætt var um fyrirhugað atvinnumálþing og ákveðið að stefna að því að halda þingið á Hótel Stykkishólmi laugardaginn 3. maí nk. Magnús sagði frá því að hann hafi fengið Björn Gíslason hjá Nýsköpunarmiðstöð Akureyrar til að halda þar fyrirlestur. Undirbúningur og fyrirkomulag þingsins var rætt og ákveðið að halda þeirri vinnu áfram. Þá var ákveðið að hvetja nemendur í 8. bekk grunnskólans og eldri til að mæta á þingið.
2. Hugmyndir að átaksverkefnum til atvinnusköpunar.
Ræddar voru ýmsar hugmyndir að átaksverkefnum sem hugsanlega mætti ráðast í, m.a. fyrir námsfólk í sumarleyfum.
Ákveðið var að fá nemendur til að koma fram með sínar hugmyndir að átaksverkefnum og skila inn til atvinnumálanefndar. Þá var ákveðið að skora á bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar að koma af stað átaksverkefnum, s.s. vinnu við ljósmyndasafn, örnefnaskráningu, fegrun umhverfis, gögnustíga- og gönguleiðagerð, merkingar o.s.frv.
3. Önnur mál.
Rædd var nauðsyn þess að efla samstarf atvinnumálanefndar og Eflingar.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Næsti fundur ákveðinn þriðjudaginn 15. apríl nk.

Fundi slitið kl. 21:10.